



## Hluthafafundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. verður haldinn 14. desember 2018

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn á skrifstofu félagsins að Ármúla 3, Reykjavík, þann 14. desember 2018 og hefst hann stundvíslega kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Kosning stjórnar
2. Önnur mál

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar félagsins ([stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is)), með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en föstudaginn 7. desember 2018 kl. 16:00. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir hluthafafund á [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) eða á hluthafafundinum sjálfum.

Stjórnarkjör til stjórnar fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins. Vakin er athygli á ákvæðum 16. gr. samþykktu félagsins um stjórnarkjör þar sem fjallað er um kynjakvóta. Þá er jafnframt vakin athygli á því að skv. 15. gr. a. í samþykktum félagsins starfar tilnefningarnefnd sem skal tilnefna frambjóðendur til setu í aðal- og varastjórn félagsins. Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Hlutverk nefndarinnar skal m.a. felast í því að óska eftir framboðum til stjórnarsetu í VÍS. Nefndin hefur þegar tekið til starfa og óskar eftir framboðum til stjórnarsetu í aðal- og varastjórn VÍS. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna tilnefningarnefnd um framboð sitt skemmst fjórtán dögum fyrir hluthafafund, eða fyrir 30. nóvember 2018, á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu félagsins. Framboð skulu berast á netfangið [tilnefningarnefnd@vis.is](mailto:tilnefningarnefnd@vis.is).

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta þó óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Hluthafar munu geta fylgst með fundinum með rafrænum hætti en hluthafar þurfa að sækja um aðgang hjá félaginu eigi síðar en 7. desember 2018 til þess að nýta sér þessa lausn með því að senda póst á [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is). Óski hluthafar eftir enskri túlkun á fundinum skal senda skriflega beiðni þess efnis á netfangið [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is) fyrir lok dags. 7. desember 2018. Tekið skal fram að rafrænt áhorf jafngildir ekki mætingu á fundinn og veitir því ekki rétt til þátttöku í fundinum að öðru leyti, þ.m.t. atkvæðagreiðslum. Þeir hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðaréttar síns á fundinum eru því hvattir til að mæta á fundinn eða láta umboðsmann sinn sækja fundinn fyrir sína hönd. Hluthafafundur er lögmatúr án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Endanleg dagskrá verður birt á vefsíðu félagsins og mun liggja frammi á skrifstofu þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík, viku fyrir hluthafafundinn. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar).

Reykjavík, 19. nóvember 2018.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.